

Fylgiskjal með Drögum að endurskoðuðum íslenskum ritreglum

Formáli (fyrir tillögum vinnuhóps Íslenskrar málnefndar um ritreglur, dags. 23. ágúst 2015)

„Þau drög sem hér eru lögð fram eru vinnuskjal og áfangi í endurskoðun íslenskra ritreglna. Drögin eru afrakstur af starfi tveggja vinnuhópa Íslenskrar málnefndar sem störfuðu á árunum 2009–2015.

Annars vegar er um að ræða vinnuhóp sem starfaði 2009–2010 og í sátu Baldur Sigurðsson, Haraldur Bernharðsson, Jóhannes B. Sigtryggsson, Margrét Guðmundsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir. Sá vinnuhópur lagði fram tillögur um endurskoðaðar reglur um þrjú atriði í íslenskri stafsetningu: (1) Reglur um stóran staf og lítinn, (2) reglur um eitt orð og fleiri og (3) reglur um kommuþing. Hópurinn lagði tillögur sínar fram í skýrslu til Íslenskrar málnefndar 17. september 2010 og voru þær samþykktar á fundi nefndarinnar 14. október 2010.

Hins vegar er vinnuhópur sem starfaði með hléum 2012–2015 en í honum sátu Haraldur Bernharðsson, Jóhannes B. Sigtryggsson og Margrét Guðmundsdóttir. Sá hópur hélt endurskoðunarstarfinu áfram og yfirfór aðra þætti íslenskra ritreglna (þótt reyndar hafi ekki verið fjallað um alla undirþætti greinarmerkjasetningar en það var einkum kaflinn um kommuþing sem talinn var þarfnast endurskoðunar).

Í þeim drögum sem hér eru lögð fram hefur tillögum þessara tveggja hópa verið steipt saman. Kaflar 2 (Stór stafur og lítill stafur), 3 (Eitt orð eða fleiri) og 22 (Greinarmerkjasetning: kommur) eru tillögur fyrri vinnuhópsins en allir aðrir kaflar eru frá síðari vinnuhópnum. Greinargerð með tillögum fyrri vinnuhópsins er í skýrslu hans frá 17. september 2010.

Í tillögum vinnuhópanna felast ekki neinar verulegar breytingar á íslenskri stafsetningu heldur er fyrst og fremst um að ræða breytingar á framsetningu reglnanna og fjölgun dæma til að styðja þær. Auglýsingar menntamálaráðuneytis nr. 132/1974, 133/1974, 184/1974 og 261/1977 um stafsetningu og greinarmerkjasetningu hafa verið lagðar til grundvallar en einnig hefur verið stuðst við ritreglur sem Íslensk málstöð gaf út í *Stafsetningarorðabókinni* 2006 og fjölmargar kennslubækur í stafsetningu, ekki síst *Lykil að stafsetningu og greinarmerkjum* eftir Baldur Sigurðsson og Steingrím Þórðarson (Mál og menning 2004).

Áréttað skal að þetta er ekki fullbúið verk heldur vinnuskjal með tillögum sem krefjast áframhaldandi umræðu hjá Íslenskri málnefnd.“

Greinargerð um helstu breytingar frá núverandi ritreglum

Jóhannes B. Sigtryggsson

Í fyrirhuguðum ritreglum eru almennt ekki lagðar til veigamiklar breytingar á núverandi stafsetningu. Helstu breytingar frá auglýsingum um íslenska stafsetningu (132/1974, 133/1974 og 261/1977) og ritreglum í *Stafsetningarorðabókinni* (2006:673–736)¹ eru í köflum um stóran og lítinn staf og eitt orða eða fleiri. Mestu breytingarnar eru á framsetningu og fjölda dæma.²

Í eftirfarandi yfirliti eru nefnd nokkur dæmi þar sem lagðar eru til breytingar.

Stór og lítill stafur

1. Í auglýsingu um íslenska stafsetningu og í ritreglum *Stafsetningarorðabókar* segir að dýra- og jurtanöfn, sem samsett eru þannig, að fyrri hlutinn er sérnafn, skuli samt sem áður ætíð rituð með litlum staf. Lagt er til í nýjum reglum að þetta gildi um fleiri flokka orða, t.d. matvæli og læknisfræðileg heiti.

Auglýsing um íslenska stafsetningu

14 gr., a. **Dýra- og jurtanöfn**, sem samsett eru þannig, að fyrri hlutinn er sérnafn, skal rita með litlum staf, t. d. **óðinshandi, jakobsfífill, mariustakkur**.

Ritreglur *Stafsetningarorðabókar*

§10 Ef sérnafni fylgir enginn eða aðeins hverfandi merkingarþáttur í mynun samnafns er samnafnið haft með litlum upphafsstaf enda þótt það sé upprunalega dregið af sérnafni. Þetta á m.a. alltaf við um dýra- og plöntunöfn. (dæmi: dalmatíuhundur, jakobsfífill, gádaostur, móselvín)

§11 Ef ritháttur erlends sérnafns er ekki lagaður að íslenskri ritvenju er samnafnið, sem af því er dregið, að jafnaði ritað með stórum upphafsstaf enda þótt sérnafninu fylgi ekki lengur nema hverfandi merkingarþáttur í orðinu (dæmi: Alzheimers-sjúkdómur, Hereford-nautgripur, Newtons-lögmál)

Fyrirhugaðar ritreglur

1.3.3.2 Sum samnöfn eru rituð með litlum staf ÞÓTT þau séu dregin af sérnafni

Tegundarheiti **dýra og jurta, matvælaheiti og læknisfræðiheiti** eru rituð með litlum upphafsstaf þótt þau séu upprunalega dregin af sérnöfnum. Sama gildir um heiti **trúarbragða, viðhorfa, strauma og stefna** og heiti **fylgismanna** þeirra: (dæmi um hvern flokk: jövköttur, maríulykill, madeirasósa, alzheimer-veiki, múhameðstrú, lenínisti) (sjá undirkafla 1.3.3.2 a–g í fyrirhuguðum reglum)

2. Í upphaflegri auglýsingu um íslenska stafsetningu (nr. 132/1974, 11. gr, a) eru bæði þjóðaheiti og þjóðflokkaheiti höfð með litlum staf (t.d. *Íslendingur, mongóli*). Vegna mótmæla við því að þjóðaheiti væru rituð með lágstaf var þessu breytt í breytingu við auglýsingu um íslenska stafsetningu (nr. 261/1977, 9. gr. a og 11. gr. a) og greint á milli þjóðaheita o.s.frv. og þjóðflokkaheita. Í ritreglum *Stafsetningarorðabókar* (§13 og §15) er einnig greint þarna á milli. Að halda þessu aðgreindu krefst hins vegar mikillar utanaðkomandi þekkingar og ýmis vafamál koma upp (t.d. *keltar, slavar* en *Saxar*,

¹ Í *Stafsetningarorðabókinni* (2006:673) segir að ritreglurnar séu „[í] samræmi við auglýsingar menntamálaráðuneytis nr. 132/1974, 133/1974 og 261/1977.“

² Gott dæmi um ólíka framsetningu er að í ritreglum *Stafsetningarorðabókar* segir í §7: Stór stafur er ritaður í upphafi sérnafns og síðan sýnd óflokkuð dæmi en í nýju reglunum er fjallað um ólíka flokka sérnafna í undirköflum 1.2.2.1, 1.2.2.2a–c, 1.2.2.3a–c, 1.2.2.4a–c og 1.2.2.5a–b.

Samar). Í fyrirhuguðum ritreglum er lagt til til einföldunar að bæði þjóða- og þjóðflokkaheiti verði rituð með stórum staf en ýmis (úrelt) kynþáttaheiti áfram rituð með lágstaf.

Ritreglur Stafsetningarorðabókar

§13 Stór upphafsstafur er ritaður í heitum þjóða og í heitum sem af þeim eru dregin. Þjóðaheiti eru ekki skýrt afmörkuð en oftast er átt við heiti þeirra sem búa í sama ríki, eru eða hafa verið félagslega skipulegar einingar, búa við sameiginlega löggjöf eða koma fram sem eining á alþjóðavettvangi. Baskar • Búar • Danir • Tamílar • Þjóðverjar (o.s.frv.)

§15 Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum þjóðflokka og kynstofna: arabar • germanar • gyðingar [...] inúítar • kákasítar • keltar • mongólar (o.s.frv.)

Fyrirhugaðar ritreglur

1.2.3.1 Heiti (formleg og óformleg) þjóða, þjóðarbrotta og þjóðflokka (þ.e. hópa manna sem deila eða hafa deilt tungu, menningu og landi): Arabar • Astekar • Baskar • Baunar • Bretónar • Búar • Danir • Englar • Englendingar • Forn-Grikkir • Fransmenn • Gallar • Gotar • Grikkir • Hellenar • Hundtyrkinn • Húnar • Inúítar [...]

1.3.5 Ýmis gömul (og úrelt) kynþáttaheiti (einkum byggð á útlitseinkennum) eru rituð með litlum upphafsstaf: aríar • indíánar • kákasítar • mongólar (Asíubúar) • negrar • negrítar

3. Í fyrirhuguðum ritreglum er lagt til að öll tungumálaheiti, einnig þau sem leidd eru af sérnafni, verði rituð með litlum staf.

Ritreglur Stafsetningarorðabókar

§16 Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum tungumála, málaflokka og mállýskna [...] Undantekningar geta þó verið samsett heiti þar sem fyrri liður er sjálfstætt sérnafn: Finnlandssænska • Svíþjóðarfinnska.

Fyrirhugaðar ritreglur

1.3.4 Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum tungumála, málaflokka og mállýskna, enda þótt líta megi á þau sem sérheiti og þau séu (mörg) dregin af sérnöfnum: bantúmál • danska • finnlandssænska [...]

4. Í kaflanum 1.3.6 *Lýsandi orð og samhljóða samheiti og sérheiti* er ítarleg umfjöllun um stóran og lítinn staf í heitum nefnda, ráða, deilda og ráðuneyta sem bera lýsandi heiti (sjá sérstaklega undirkafla 1.3.6.4 og 1.2.2.5). Stuttlega er fjallað um þetta í ritreglum Stafsetningarorðabókar (§19).

Eitt orð eða fleiri

Nokkrar breytingar eru gerðar á ritun eins orðs og fleiri.

1. Orðasambönd með töluorðum eru langoftast rituð í aðskildum orðum (t.d. *eins hreyfils flugvél*). Nokkrar undantekningar eru frá því í núverandi ritreglum (sjá §74, t.d. *átjánbarnafaðir, fjórðapartsnóta*). Í fyrirhuguðum ritreglum er skilgreining á undantekningunni skýrð betur en nú er og henni lítillega breytt.

Ritreglur Stafsetningarorðabókar

„§74 Að jafnaði eru orðasambönd með töluorðum rituð í aðskildum orðum [...]“ (dæmi: tólf spora kerfi, tuttugu og tveir)
„Einstaka sinnum renna þó töluorð og nafnorð í eignarfalli í eina heild með eftirfarandi nafnorði. Slíkur ritháttur verður að styðjast við hefð.“ (dæmi: fimmaurabrandari, fjórðapartsnóta)

Fyrirhugaðar ritreglur

2.4.1 Orðasambönd með töluorðum eru rituð í aðskildum orðum. (dæmi: tólf spora kerfi, fjórða parts nóta) [...] „Einstaka sinnum renna þó töluorð og nafnorð í eignarfalli í eina heild með eftirfarandi nafnorði þannig að heildarmerking orðsins verður önnur en einstakra liða.“ (dæmi: fimmaurabrandari, sjómílnaskór, þúsundþjalasmiður)

2. Valkvæði hefur verið tekið út úr ritun orðasambanda sem enda á *kyns/konar* til samræmis við ýmis önnur orðasambönd með aðra seinni liði sem eingöngu eru rituð aðskilin (t.d. *háttar, kostar, sinni, staðar, veginn, vegna* o.s.frv.)

Ritreglur Stafsetningarorðabókar

„§76 [...] Sambönd með *konar* og *kyns* má þó rita sem eina heild en fremur er mælt með rithætti í tveimur orðum.“ (dæmi: *alls kyns/allskyn, eins konar/einskonar*) „[...] í stað orðasambandanna *alls staðar, sums staðar* er heimilt að rita *alstaðar, sumstaðar* en fremur er mælt með rithætti í tveimur orðum.“

Fyrirhugaðar ritreglur

2.5. Aukafallsliðir [...] *alls kyns, eins konar, alls staðar, sums staðar*).

3. Lagt er til í nýjum ritreglum að tekið verði út valkvæði í ritun orðasambanda með *megin*.

Ritreglur Stafsetningarorðabókar

§78 [...]Annars er orðið *megin* ritað laust frá undanfarandi orði. [...] Ef næst framan við *megin* er fornafn með *-um* er heimilt að slá orðunum saman þrátt fyrir fyrirnefnda reglu (dæmi: *hinum megin/hinumegin*)

Fyrirhugaðar ritreglur

2.5 Aukafallsliðir [...]Annars er orðið *megin* ritað laust frá undanfarandi orði. (dæmi: *austan megin, báðum megin, réttum megin* [...]).

Annað

Af nýjungum í öðrum köflum má nefna að í undirkafla 7.3.4 er fjallað um ritun *f* og *v* í aðkomuorðum (t.d. *endorfín, graffari, bossanóva*), í undirkafla 7.5 um hljóðaklasann *ffl* (t.d. *grifflur*), í köflum 8, 14 og 15 er miklu ítarlegri umfjöllun um ritun *g*, *r* og *rr* og *s* og *ss* en í núverandi ritreglum og í 20. kafla er fjallað um stafavíxl.